

Nd.

60. Frumvarp til laga

[60. mál]

um breyting á lögum nr. 51 1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almanna-tryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Gylfi P. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir, Helgi Jónasson, Jónas Árnason.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 1360	kr. 1020
2. Til mæðra með 3 börn	— 2720	— 2040
3. Til mæðra með 4 börn eða fleiri	— 4080	— 3060

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift sé.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1953.

Greinargerð.

Frsv., í aðalatriðum samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrætt. Er það því flutt öðru sinni. Frsv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með frsv. þessu er lagt til, að bætt verði í almannatryggingalögin ákvæðum um nýjan bótaflokk, mæðralaun. Lagt er til, að mæðralaun verði greidd einstæðum mæðrum, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, þannig að kona með tvö börn fái sem svarar þriðjungi lífeyris, kona með þrjú börn tvo þriðju lífeyris og kona með fjögur börn eða fleiri sem svarar fullum lífeyri samkvæmt lögnum.

Segja má, að móðir, sem hefur aðeins fyrir einu barni að sjá og fær greiddan með því barnalífeyri, eigi jafnaðarlega að geta komið af án frekari styrks. Eftir því, sem börnin eru fleiri, er móðirin að sjálfsgöðu bundnari af heim, og þegar börnin eru orðin fjögur, má ætla, að öll vinna móðurinnar sé bundin við að annast þau. Mikill meiri hluti þeirra kvenna, sem mæðralauna mundu njóta samkvæmt þessum ákvæðum, eru ekkjur og fráskildar konur, því að flest óskilgetin börn eru einbirni mæðra sinna.

Tillögur um mæðralaun hafa áður komið fram á Alþingi. Millipinganefnd, sem skipuð var á miðju ári 1948 til þess að endurskoða lögin um almannatryggingar, mælti með því, að ákvæði um mæðralaun væru tekin í lögin. Efri deild samþykkti þau ákvæði á Alþingi 1949, en málið stöðvaðist hins vegar í neðri deild. Síðan hafa tillögur um þetta efni oftast en einu sinni verið bornar fram, en aldrei náð fram að ganga. Ýmsir aðilar hafa skorað á Alþingi að samþykkja slík ákvæði, þ. á m. ýmis kvennasamtök.“